



19. mars 2024

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 123. mál á 154. löggjafarþingi

Innheimtulög (leyfisskylda o.fl.)

Eins og vísað er til í greinargerð með frumvarpi þessu á það rætur að rekja til Hagsmunasamtaka heimilanna. Með frumvarpinu er stefnt að því að fella öll innheimtufyrirtæki undir sömu lagareglur er varða leyfisskyldu og eftirlit, óháð persónulegri stöðu endanlegra eigenda þeirra. Þannig er ætlunin að tryggja betur jafnræði og stuðla að auknu réttaröryggi neytenda á fjármálamarkaði.

Á 150. löggjafarþingi var frumvarp um breytingu á lögum um neytendalán vegna svokallaðra smálána samþykkt á Alþingi. Af því tilefni vilja samtökin vekja athygli á því að frumvarp þetta er mikilvægur liður í því að stemma stigu við óréttmætu framferði eftirlitslausra innheimtuaðila, með því að fella öll innheimtufyrirtæki undir leyfisskyldu og eftirlitsheimildir Fjármálaeftirlitsins.

Þá kom fram í álit meirihluta efnahags- og viðskiptanefndar á þskj. 718. í 223. máli á 150. löggj. að vinna stæði yfir í dómsmálaráðuneyti og fjármála- og efnahagsráðuneyti við að að skýra betur reglur um starfsemi löginnheimtuaðila og eftirlit með starfseminni. Meirihlutinn hvatti til að þeirri vinnu yrði hraðað eins og kostur væri og frumvarp lagt fram á vorþingi, en það hefur ekki enn gerst.

Af þessu tilefni benda Hagsmunasamtök heimilanna á að í þessu frumvarpi koma einmitt fram atriði sem samtökin telja mjög mikilvægt að skerpa á í innheimtulögum. Við þinglega meðferð málsins væri eðlilegt að leita umsagnar menningar- og viðskiptaráðuneytisins enda heyrir frum- og milliinnheimta peningakrafna undir það ráðuneyti, en frumvarpið nær þó ekki yfir löginnheimtu, sem fellur utan gildissviðs innheimtulaga skv. 2. málsl. 2. mgr. sbr. 1. mgr. 1. gr. þeirra laga.

Hagsmunasamtök heimilanna hvetja eindregið til þess að ofangreint frumvarp verði samþykkt. Einnig mælast samtökin þess að sett verði hámark á fjárhæð innheimtukostnaðar. a.m.k. þannig að hann geti aldrei orðið hærri en krafan sem er til innheimtu, eins og var lagt til í frumvarpi á þskj. 1502 í 959. máli á 153. löggjafarþingi sem náði því miður ekki fram að ganga.

- o -

Virðingarfyllst,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Guðmundur Ásgeirsson, varaformadur@heimilin.is